



Framkvæmda- fréttir 24. tbl. /04



Mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka á vígsludegi 28. júlí 2004.

Auglýsingar útboða

Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit 04-067

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í eftirlit með endurbyggingu Hringvegar á um 6,3 km kafla í Borgarfirði frá Gljúfurá að Ólafarflóa.

Um er að ræða endurbyggingu núverandi vegar ásamt gatnamótum við Borgarfjarðarbraut (40), byggingu 15 tenginga og gerð bráðabirgðavega meðan á framkvæmd stendur.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklokum 1. ágúst 2006.

Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfni og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (mót-taka) frá og með mánudeginum 16. ágúst 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 31. ágúst 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag og lesið upp hverjir hafa skilað tilboðum. Síðari opunarfundur verður þriðjudaginn 7. september 2004 kl. 14:15 þar sem lesnar verða upp einkunnir bjóðenda í hæfnimati og verðtilboð opnuð.

Reykjanesbraut (41), gatnamót við Stekkjarbakka

Fimmtudaginn 28. júlí voru mislæg gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka formlega tekin í notkun.

Verkefni þetta er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar, og sá verkfræðistofan Línu-
framhald á bls. 2



Klippt á borða við Stekkjarbakka. Þórólfur Árnason borgarstjóri í Reykjavík, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og Gunnsteinn Sigurðsson forseti bæjarstjórnar í Kópavogi.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 24. tbl. 12. árg. nr. 381 16. ágúst 2004

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is**

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttaeftir sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

framhald af forsiðu

hönnun um hönnun mannvirkisins í samstarfi við Studio Granda, Landmótun og Raftæknistofuna. Ávinningur af þessu verkefni er helst sá að plangatnamótum við Reykjanesbraut fækkaði um þrenn, tenging milli Stekkjarbakka og Smiðjuhverfis sem og tengingar við Reykjanesbraut batna mikið. Einnig verða tengingar fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur milli hverfa og útivistarsvæða betri með tilkomu nýrra stíga, göngubrúar og undirganga. Búast má við að umferðaröryggi á þessu svæði verði mun meira með tilkomu þessa mannvirkis.

Verkið var boðið út 1. febrúar 2003 á EES svæðinu.

Verksamningur upp á 688 m.kr. var undirritaður 28. mars 2003 við Jarðvélur ehf. Vinna hófst 29. mars 2003.

Verkið var í megindrátum unnið í tveimur hlutum, þ.e. umferð var hleypt á mannvirkið í þeim fyrri og í þeim síðari var unnið við endanlegan yfirborðsfrágang á svæðinu. Fyrri hluti verksins var tekinn í notkun þann 25. október 2003.

Helstu hönnuðir og ráðgjafar: Línuhönnun hf., mat á umhverfisáhrifum, frumdrög og aðalráðgjafi í for- og verkhönnun. Studio Granda, arkitekt. Landmótun ehf., stígar og landmótun. Raftæknistofan hf., veglýsing. Fjarhitun hf., lagnir Orkuveitu Reykjavíkur.

Helstu magntölur vegahluta eru:

Skering í laus jarðlög	163.000 m ³
Fylling og neðra burðarlag	150.000 m ³
Efra burðarlag	8.000 m ³
Malbik	35.000 m ²
Kantsteinar	10.000 m
Ofanvatnsræsi	5.000 m

Helstu magntölur steyptra mannvirkja eru:

Mótafletir	5.300 m ²
Steypustyrktarjárn	194.000 kg
Spennistál	43.600 kg
Steinsteypa	1.900 m ³

Heildarkostnaður er um 960 m.kr.



Heiðursmenn Vegagerðarinnar við vígslu voru þeir Jens Matthíasson (t.v. á mynd) og Vígmundur Pálmarsson. Á milli þeirra stendur Ólafur Þórðarson skæravörður.

Verktakar: Jarðvélur ehf., aðalverktaki. Sveinbjörn Sigurðsson ehf., steyptr mannvirki. Malbikunarstöðin Höfði hf., malbik. BM Vallá hellur, rör ofl.

Eftirlit: Fjarhitun hf.

Auk þess hafa fjölmargir starfsmenn Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar, Kópavogsbæjar, Orkuveitu Reykjavíkur og Landsíma Íslands komið að þessu verki.

Niðurstöður útboða

Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur 04-061

Tilboð opnuð 27. júlí 2004. Verkið: „Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur“. Um er ræða gerð hringtorgs norðaustan við Klausturskála, tengingu að Kirkjubæjarklaustri norðan skálans, aðlögun Geirlandsvegur og Hringvegur að torgi, tengingar að Klausturskála og götu í iðnaðarhverfi.

Helstu magntölur eru:

Skeringar	1.000 m ³
Neðra burðarlag	3.800 m ³
Efra burðarlag	600 m ³
Klæðing	2.452 m ²
Malbik	5.190 m ²
Kantsteinar	487 m
Hellulögn	560 m ²

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður verktakakostnaður	28.855.350	100,0	7.164
2 Framrás ehf., Vík í Mýrdal	22.169.850	76,8	479
1 Rósaborg ehf., Höfn í Hornafirði	21.690.950	75,2	0

Hringvegur (1), Víkurvegur – Skarhólabraut, eftirlit, seinni opnun 04-043

Tilboð opnuð 27. júlí 2004. Eftirlit með tvöföldun Hringvegur á 3,5 km löngum kafla milli Víkurvegur og Skarhólabrautar. Að hluta til er um að ræða nýjan veg með tveimur aðskildum akbrautum og að hluta nýja akbraut meðfram núverandi vegi. Einnig er innfalið í verkinu gerð tveggja hringtorga ásamt byggingu tveggja vegbrúa og göngubrúar á Úlfarsá.

Framkvæmd verksins hefur verið boðin út og er gert ráð fyrir verklukom 15. október 2005.

Val á bjóðanda fer fram á grundvelli hæfni og verðs og bar bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð.

Bjóðandi	Hæfnismat (einkunn)	Tilboð (þús.kr.)
Fjarhitun hf.	37	19.125.000
Fjölhönnun ehf.	43	15.147.000
Hnit hf.	44	16.830.000
Hönnun hf.	42	15.988.500
Línuhönnun hf.	43	15.300.000
Áætlaður verktakakostnaður		17.600.000



Reykjanesbraut. Endi á tvöföldun í Hvassahrauni.

Reykjanesbraut, breikkun Hvassahraun – Strandarheiði

Fimmtudaginn 29. júlí opnaði Sturla Böðvarsson samgönguráðherra nýjar akreinar Reykjanesbrautar fyrir umferð. Fjölmarginir voru vistaddir þessa athöfn og móttöku á eftir í félagsheimilinu í Vogum.

Framkvæmd þessi er fyrsti áfangi breikkunar Reykjanesbrautar milli Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar og eru mörk verkframkvæmdar annars vegar við mörk Hafnarfjarðar og Vatnsleysustrandarhrepps og hins vegar um 3 km austan Vogavegar. Samtals er nýja brautin 12,1 km þar með talinn fléttukafli við báða enda.

Í framkvæmdinni felst gerð nýrrar tveggja akreina akbrautar, gerð tvennra mislægra gatnamóta, færsla á Vatnsleysustrandarvegi, gerð um 1 km malarvegar í átt að Höskuldarvöllum og lagfæring á öryggissvæði með núverandi akbraut. Mislægu gatnamótin eru svipuð að formi til eða svokölluð tígulgatnamót þar sem hringtorg sitt hvoru megin Reykjanesbrautar tengja saman að- og fráreinar annars vegar og þverveg undir brautina hins vegar. Byggð er ein brú í hvorri akbraut, þ.e. tvær á hvorum gatnamótum.

Útboð fór fram á haustdögum 2002 og var þá boðinn út 8,6 km kafli. Lægsta tilboð áttu Háfell ehf., Jarðvélar ehf. og Eykt ehf. Samningur var undirritaður í byrjun desember 2002 og framkvæmdir hófust 11. janúar 2003. Vegna hagstæðs tilboðs og hagstæðra aðstæðna við efnisvinnslu var ákveðið að semja við verktakann um 3,5 km viðbót við verkið þannig að alls er nýja akbrautin 12,1 km.

Helstu magntölur:

Vegagerð: Skeringar	131.000 m ³
Fyllingar	385.000 m ³
Burðarlög	134.000 m ³
Malbikaðir fletir	125.000 m ²

Steypt mannvirki:

Mótafletir	2.600 m ²
Járnalögn	180.000 kg
Steinsteypa	1.100 m ³

Áætlaður kostnaður:

Vegagerð	785 m.kr.
Steypt mannvirki	109 m.kr.
Landbætur, efni o.fl.	59 m.kr.
Mat á umhverfisáhrifum hönnun, umsjón, eftirlit o.fl.	174 m.kr.
Samtals:	1.127 m.kr.



Sturla Böðvarsson rennir lokunarkerki frá nýjum Reykja-

Helstu hönnuðir og ráðgjafar: Hönnun hf., umhverfismat, frumdrög. Hnit hf, verkfræðistofa, aðalráðgjafi, veghönnun. Fjölhönnun ehf., brúarhönnun, veghönnun. Rafteikning hf., lýsing. Arkþing, útlit brúa. Landslag ehf., landslagsmótun. Stuðull ehf., jarðfræðiathuganir. Vinnustofan Þverá ehf., umferðartækni, merkingar.

Aðalverktakar: Háfell ehf., jarðvinna. Jarðvélar ehf., jarðvinna. Eykt ehf., brúarsmíði.


Eftirlit: VSÓ ráðgjöf/ VSB verkfræðistofa.

Auk þess hafa fjölmarginir starfsmenn Vegagerðarinnar komið að þessu verki.

JJB/JSn



Samgönguráðherra ekur eftir nýrri akrein í fararbroddi viðstaddra.









Framkvæmdir 2004, kort 1

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.

Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

Vegakerfið

-  Stofnvegir með bundnu slitlagi
-  Stofnvegir með malarslitlagi
-  Tengivegir með bundnu slitlagi
-  Tengivegir með malarslitlagi
-  Landsvegir með bundnu slitlagi
-  Landsvegir með malarslitlagi









VATNAJÖKULL

1 Hringvegur um Almannaskarð
Veggöng: 1,2 km
Vegtengingar: 4,1 km
Fjárveitingar:
2003: 300 m.kr.
2004: 322 m.kr.
2005: 82 m.kr.
2006: 20 m.kr.
Viðbótarfjárförð umfram núgildandi vegáætlun: 326 m.kr.
Útboð: janúar 2004
Verktaki: Héraðsverk ehf. og Leonhard Nilsen og Sønner As.
Verklok: júní 2005

1 Hringvegur um Heiðarlæk Stáhlólkur í stað einbreiðrar brúar
Fjárveiting:
2003: 5 m.kr.
viðhaldsfé
Útboð: nóvember 2003
Verktaki: Suðurverk hf.
Verklok: júní 2004

1 Hringvegur um Kotá
Endurbygging 0,9 km vegna hækkunar farvegs og varnargarðar
Fjárveitingar:
2003: 17 m.kr.
Viðhaldsfé: 12 m.kr.
Útboð: nóvember 2003
Verktaki: Suðurverk hf.
Verklok: júní 2004

Framkvæmdir

-  Nýbyggingar, bundið slitlag
-  Nýbyggingar, malarslitlag
-  Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
-  Styrkingar eða festun burðarlags
-  Styrkingar á malarvegi
-  Viðhald á malarslitlagi

5 0 5 10 15 20 km

Framkvæmdir 2004, kort 2

Vegarkaflarnir sem unnið er við eru merktir inn á kortið og framkvæmdum lýst í stuttu máli. Stærstu viðhaldsverk eru merkt inn á kortið án texta.

Fjárveitingar nýbygginga eru taldar upp í flestum tilfellum. Athugið að breytingar geta orðið á einstökum verkum.

52 Uxahryggjavegur, Tröllháls - Smjörbrekka
Nýbygging: 4,5 km
Fjárveitingar: 2002: 40 m.kr. / 2003: 40 m.kr.
2004: 36 m.kr. / 2005: 36 m.kr. / 2006: 36 m.kr.
Verktaki: Þórarinn Kristinsson, Biskupstungum
Verklok: júlí 2004

1 Hringvegur
Hveradalir -
Draugahlíðarbrekka
Nýbygging 4 km
Fjárveitingar:
2003: 150 m.kr.
2004: 50 m.kr.
Útboð: október 2004
Verklok: júlí 2005

37 Laugarvatnsvegur
um Brúará
Ný tvíbreið brú
í stað einbreiðrar brúar
Fjárveitingar:
2003: 75 m.kr.
2004: 3 m.kr.
Útboð: 2004
Verktaki: Mikael ehf.,
Höfn
Verklok: júlí 2004

35 Biskupstungnabraut
Þingvallavegur - Keríð
Fræsing og tvöföld klæðing:
6 km
Fjárveiting: 49 m.kr.
viðhaldsfé 2004
Verktaki: Borgarverk ehf.,
Borgarnesi
Verklok: 1. ágúst 2004


427 Suðurstrandarvegur
Fjárveitingar:
2002: 96 m.kr.
2003: 291 m.kr.
2004: 24 m.kr.
2005: 36 m.kr.
2006: 15 m.kr.
Útboð: október 2004
Nýbygging 6 km
um Festarfjall
Verklok: 2005

376 Breiðamörk
Hveragerði
1 Hringvegur,
Eyrarbakkevegur -
Biskupstungnabraut
Riflög (Repay)
Fjárveiting:
2004: 14 m.kr. viðhaldsfé
Verktaki: Loftorka ehf.,
Reykjavík
Verklok: september 2004

305 Villingaholtsvegur
Kolsholt - Urriðafossvegur
Nýbygging: 3 km
Fjárveitingar:
2003: 22 m.kr.
2004: 11 m.kr.
Útboð: 2003
Verktaki: Ræktunarsamband
Flóa og Skeiða ehf., Selfossi
Verklok: júní 2004

5 0 5 10 15 20 km





Framkvæmdir

- Nýbyggingar, bundið slitlag
- Nýbyggingar, malarslitlag
- Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðingar
- Styrkingar eða festun burðarlags
- Styrkingar á malarvegi
- Viðhald á malarslitlagi

340 Auðsholtsvegur um Syðra-Langholt
 Nýbygging: 3 km
 Fjárveitingar: 2004: 11 m.kr. 2005: 21 m.kr. 2006: 3 m.kr.
 Útboð: september 2004
 Verklök: 2005

329 Mástunguvegur Skyggfir - Laxárdalur
 Nýbygging: 1 km
 Fjárveitingar: 2002: 5 m.kr. / 2005: 5 m.kr.
 Útboð: júlí 2004
 Verktaki: Vélgrafan ehf., Selfossi
 Verklök: september 2004

1 Hringvegur Vegamót við Landveg Lagfæring
 Fjárveiting: 2004: 26 m.kr.
 Verktakar: Heflun ehf. og Háfell ehf.
 Verklök: ágúst 2004

Pjorsárdalsvegur við Prándarholt nýbygging 1 km öryggisaðgerð
 Útboð: 2004
 Verktaki: Nesity ehf., Árnési
 Verklök: september 2004

271 Árbæjarvegur Hringvegur - Bjallavegur
 Nýbygging: 3 km
 Fjárveitingar: 2003: 13 m.kr. 2004: 13 m.kr.
 Útboð: 2003
 Verktaki: Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli
 Verklök: júlí 2004

Gaddstaðaflatir Ferðamannaleiðir
 Nýbygging 1,5 km
 Fjárveiting: 2004: 7 m.kr.
 Útboð: 2003
 Jón og Tryggvi ehf., Hvolsvelli
 Verklök júlí 2004

Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi 2004, 84 km
 Fjárveitingar: 2004: 79 m.kr.
 Útboð maí 2004
 Verktaki Ræktunarsamband Flóa og Skeiða ehf., Selfossi
 Verklök september 2004

Mölburður 2004, 60 km
 Fjárveiting: 2004: 73 m.kr.

Vegakerfið

- Stofnvegir með bundnu slitlagi
- Stofnvegir með malarslitlagi
- Tengivegir með bundnu slitlagi
- Tengivegir með malarslitlagi
- Landsvegir með bundnu slitlagi
- Landsvegir með malarslitlagi

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
04-068 Meðallandsvegur (204), Þykkvibær - Grenlækur	04
04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	04
04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	04
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04

Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst:	Opnað:
04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi	19.07.04	17.08.04
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit	16.08.04	31.08.04

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
04-061 Hringvegur (1), hringtorg við Kirkjubæjarklaustur	12.07.04	27.07.04
04-065 Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - golfskáli 2004	12.07.04	27.07.04
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04	27.07.04
04-059 Þjórsárdalsvegur (32), Skeiðavegur - Stóra-Núpsvegur	28.06.04	13.07.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04	29.06.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik	10.05.04	25.05.04

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit Fjölhönnun ehf., verkfræðistofa	20.07.04	06.08.04
04-058 Vestfjarðavegur (60), brú á Laxá í Króksfirði, niðurrekstrarstaurar Vökvæðingastofa Eyþórs ehf.	13.07.04	01.08.04
04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut Jarðvélar ehf.	13.07.04	06.08.04
04-057 Mástunguvegur (329), Gnúpverjavegur - Laxárdalur 2 Vélgrafan ehf., Selfossi	06.07.04	20.07.04
04-056 Kjalvegur (35), þjónustumiðstöð - Háalda 2004 Ræktunarsamband Flóa og Skeiða	29.06.04	20.07.04
04-051 Brú á Fjarðará í Siglufirði Mikael ehf.	15.06.04	20.07.04
04-023 Óshlið, snjóflóðaskápar Öllum tilboðum hafnað	13.07.04	

Niðurstöður útboða

Öndverðarnesvegur, Biskupstungnabraut - golfskáli 2004

04-065

Tilboð opnuð 27. júlí 2004. Gerð Öndverðarnesvegur, frá Biskupstungnabraut að golfskála, um 1,2 km.

Helstu magntölur eru:

Fláafleygar	900 m ³
Skeringar	1.405 m ³
Öðra burðarlag, óunnið efni	3.510 m ³
Efra burðarlag, unnið efni	790 m ³
Tvöföld klæðing	6.600 m ²
Frágangur fláa	6.770 m ²

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
--- Áætlaður			
verktakakostnaður	6.936.377	100,0	2.828
2 Mjólnir ehf., Selfossi	5.000.000	72,1	891
1 Sigurjón Hjartarson, Brjánsstöðum 2, Grímsnesi	4.108.800	59,2	0

Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007


04-037

Tilboð opnuð 27. júlí 2004. Snjómokstur og hálkuvörn með vörubifreiðum, eftirlit og stjórnun á Norðurlandi vestra innan ramma marksamnings á eftirtöldum leiðum:

1. Hringvegur	84 km
2. Skagastrandarvegur	20 km
3. Þverárfjallsvegur	37 km
4. Sauðárkróksbraut	24 km
5. Skagafjarðarvegur	10 km
6. Siglufjarðarvegur	22 km

Verktími er frá 1. október 2004 til 30. apríl 2007.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
4 SE verktakar ehf.	24.856.000	205,0	13.170
3 Steypustöð Skagafjarðar ehf.	14.199.500	117,1	2.513
2 Blettur ehf., Sauðárkróki og Steingrímur Ingvarsson	14.048.000	115,8	2.362
--- Áætlaður			
verktakakostnaður	12.126.500	100,0	440
1 Víðimelsbræður ehf.	11.686.500	96,4	0



Staða framkvæmda við Almannaskarðsgöng 10. ágúst 2004. Samtals er búið að sprengja 473 m sem gerir 41%.